

BYGGINGARLÝSING

Götuheiti og númer: Mosató 2, Flóahreppi
Landnúmer: L225132
Staðgreinir: 8722-5-35010020
Matshluti: 01

Helstu stærðir:

Heildarbrúttostærðir hverrar hæðar í m² og m³:
Neðri Hæð: 129,6m² 513,3m³
Efri Hæð: 120,1m² 354,6m³

Sjá skráningartöflu

Heildarstærð byggingar (brúttó) í m²: 247,0m²
Heildarstærð byggingar (brúttó) í m³: 901,0m³
Stærð lóðar: 6.424,0 m²

Almenn lýsing:

Íbúðarhús í notkunnarflokk 3.
Húsið er tveggja hæða einbýlishús þar sem neðri hæð og annar helmingur efri hæðar er byggt upp af staðsteyptum veggjum en útkragandi helmingur efri hæðar er reistur á bitum og súlum er byggður upp af léttum veggjum utan um gluggakerfi. Húsið er einangrað að utan og klædd með VIROC-plötum.
Húsið er byggt í hallandi landi þar sem neðri hæð er nýtt að hluta og uppþyllt rými að hluta.
Húsið er hannað í samræmi við óskir eiganda og tryggt að rýmisþörf sé í samræmi við fjölskyldustærð, að rými séu nógu stór svo unnt sé að koma fyrir öllum fóstum innréttingum og uppþylli kröfur byggingarreglugerðar gr. 6.7.1.

Sökkjar og gólfplötur:

Sökkjar eru úr járnþentri steinsteypu einangraðir að utan með 100mm einangrun.
Gólfplata neðri hæðar eru á fyllingu úr járnþentri steinsteypu á 100mm einangrun.
Gólfplata efri hæðar er byggð upp af gólfbitum úr stáli og timbri og einangrað með 250mm einangrun.
Ofan á gólfplötur húss kemur 20mm einangrun undir gólfhita í 60mm ilögn og 20mm gólfefni.

Veggir/súlur:

Útveggir neðri hæðar og helming efri hæðar eru úr járnþentri steinsteypu einangraðir að utan með 125mm steinullareinangrun og klæddir loftaðri VIROC-plötu klæðningu. Veggir neðri hæðar að jarðvegi eru með 125mm einangrun klætt sökkuldúk.
Útveggir útkragandi hluta efri hæðar sem reistur er á bitum og súlum er byggður upp sem gluggakerfi. Veggflötir neðan og ofan gluggakerfis, þakkantur og gólf er klætt loftaðri VIROC-plötu klæðningu.
Súlur sem bera útkragandi hluta efri hæðar og þann hluta þaks efri hæðar eru steypufylltar stálsúlur.
Innveggir verða ýmist úr járnþentri steinsteypu eða hlaðnir og múraðir.

Þak:

Þak yfir neðri hæð (þaksvallir) verður með viðsnúnu þaki ofan á járnþentri steinsteypri plötu með vatnshalla. Ofan á steypu plötuna er lagt tvöfalt lag af þakpappa og 250mm einangrun, sludúkur, sandlag til afretinga og að lokum hellur sem yfirborð.
Þak yfir efri hæð er byggt upp af þakbitum/sperrum úr stáli og timbri og einangrað með 225mm þakull milli bita/sperra. Þakið er klætt með borðklæðningu með tvöföldu lagi af ásoðnum þakpappa. Loftun timburþaka er um 20mm rífur m. neti milli sperra í neðri enda hvers sperrubils. Neðan á bita/sperrur kemur rakaserra, raflagnagrind og loftklæðning. Varnir gegn rakapéttingu í þaki uppþylla kröfur byggingarreglugerðar, gr. 10.5.5.

Útihurðir, gluggar:

Útihurðir eru úr ál og gleri. Hindrunarláus umferðar breidd og hæð inngangshurða uppfyllir kröfur byggingarreglugerðar, gr. 6.4.2. Hindrunarláus umferðarbreidd allra inngangsdýra er minnst 0,83m og hindrunarláus hæð minnst 2,07m. Hindrunarláus umferðarbreidd allra svala- og garðdýra er minnst 0,80m og samsvarandi hæð minnst 2,00m. Gluggar eru álguggar með tvöföldu K-gleri. Í gluggum þar sem fallhæð utan við glugga er 2m eða meiri og neðri brún glers nær gólfni er 0,6m skal innra glerið í glugganum vera öryggisgler og uppfylla kröfur byggingarreglugerðar, gr. 12.4.3., 8.5.2 og Rb-blað (31).121.1
Ofan fyrstu hæðar í byggingum skal komið fyrir viðurkenndri öryggisgöngu eða öðrum jafngöðum viðurkenndum búnaði á opnanlega glugga sem börnum getur stafað hætta af, opnun max 89mm í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar gr. 12.2.3.

Innihurðir:

Innihurðir eru almennt þröskuldslausar lamaðar víðarhurðir með víðarkarmi. Hindrunarláus umferðar breidd og hæð innihurða uppfyllir kröfur byggingarreglugerðar, gr. 6.4.3. þar sem hindrunarláus umferðarbreidd er að lágmarki 0,70m og samsvarandi hæð minnst 2,00m. Læsingarbúnaður innihurða skal vera með þeim hætti að ekki sé hætt á innlokun og læsingar opnanlegar utanfrá með þar til gerðum sérstökum búnaði í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar í kafla 12.7.

Innréttingar og búnaður:

Frágangur og staðsetning innréttinga og annars búnaðar verður hagað með þeim hætti að ekki sé hætt á að fólk reki sig á útstandandi hluti, að innréttingar og búnaður geti ekki dottið eða ollið, að við notkun hreyfanlegs búnaðar sé ekki hætt á að fólk slasist við t.d. opnun/lokun og uppþylli kröfur byggingarreglugerðar í kafla 12.3.

Gólfefni:

Gólfefni eru húss eru flisalagðir.

Stigar og handrið:

Stigi innanhúss er staðsteyptur með handriðum úr smíðajárni.
Handrið svala og þaksvala er úr smíðajárni.
Öll handrið uppfylla kröfur byggingarreglugerðar, kafla 6.5.

Litaval utanhúss:

Húsið er klætt VIROC-plötum í ljósgráum steypulit.

Lýsing:

Gerð lýsing og lýsing aðkomusvæða skal vera láttlaus, óbein og gljúlaus, með afskermuðum lömpum. Lýsing á lóð skal vera þannig að hún valdi hvorki óþarfa ljósmengun, nágroñnum óþægindum né truflun umferðar utan lóðar í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar gr. 7.2.4.

Hljóðvíst:

Áhersla er lögð á að tryggja eins góða hljóðvíst í byggingunni og unnt er í samvinnu við aðra hönnuði. Markmiðið er að fullnægja ákvæðum byggingarreglugerðar.
Vanda skal öll vinnubrögð við frágang lagna, veggja, lofta, hurða og skilja hvergi eftir raufar og gót sem valdið geta hljóðleka. Nota skal endingargóð fjaðrandi þéttiefni til lokunar á raufum og götum.

Lóðarfrágangur og bílastæði:

Markmiðið verður að halda lóðinn sem mest náttúrulegri. Allur jarðvegur og grjót, sem losnar vegna grafnar fyrir húsum verður endurnýttur á lóð eins og kostur er og pláss leyfir.
Frá húsi við bílastæði og að aðkomuvegi við lóðarmörk verður yfirborð innkeyrsla lögð óbundnu slálagi.
Gert er ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbila við bílastæði í samræmi við gildandi deiliskipulag og gr. 6.7.1 í byggingarreglugerð.

Sorp:

Sorp/sorpskýli skal staðsett um það bil 3-5 metra frá aðliggjandi aðkomuvegi í samræmi við ákvæði gildandi deiliskipulags.

Lagnir:

Aðalinnatak veitna verður staðsett í þvottahúsi. Lagnaleiðir verða að mestu haldar í veggjum og/eða gólfum og loftum. Koma skal fyrir gegnumstremisniðurföllum (merkt-GN) í öllum votrymum íbúða, þ.e. snyrtingum og þvottahúsum. Niðurföll eru á þaksvolum (merkt-NF) og þakniðurföll frá þökum (merkt-PN). Nánari útfærsla verður sýnd á uppdráttum lagnahönnuðar.

Hitakerfi:

Húsið er með hitaveitu og upphitað með gólfhita og handklæðaofnum inn á böðum.

Loftfræsing:

Öll rými verða loftfræst þar sem beitt verður blöndu af náttúrulegri og vélrænu loftfræsingum. Náttúruleg loftfræsing verður um opnanleg gluggafög. Loftfræsing skal henta viðkomandi rými þannig að magn fersklöfts sé fullnægjandi til að komið sé í veg fyrir lyktarmengun og rakamettun innilöfts. Útsog skal vera úr eldhúsum, baðherbergjum og þvottaherbergjum (merkt-LR). Útsog frá eldhúsi, salemum og þvottahúsi má ekki draga gegnum önnur rými hússins. Loftfræsing íbúða og tengdra rýma skal uppfylla kröfur byggingarreglugerðar, gr. 10.2.5.

Frárennsliskerfi:

Frárennsliskerfi verður tengt 3200L rotþró (merkt-R) á lóð. Samkvæmt skipulagsskilmálum skal rotþró ekki standa nær lóðarmörkum en 10 metra. Frágangur rotþróa og staðsetning skal samþykkt af heilbrigðisfulltrúa.

Neysluvatnskerfi:


Heitt neysluvatn verður upphitað kalt vatn um varmaskipti þannig að hámarks hitastig vatns fari ekki yfir 60°C.

Snjóbræðslukerfi:

Snjóbræðslukerfi verður undir hellulögðum svæðum framan við innganghurðar neðri hæðar. Snjóbræðsla nýtir affall hússins og er með viðbótargjöf frá hitaveitu.


Brunavarnir:

Allar almennar brunamerkingar koma fram á uppdráttum. Íbúðarhús fellur undir notkunnarflokk 3. og skal að lágmarki uppfylla brúkröfur til burðarvirkja í samræmi við gr. 9.9.2 og 9.9.3 í byggingarreglugerð, töflu 9.10 og 9.11 fyrir sérþýlishús í notkunnarflokk 3. eða R30. Lofta- og veggklæðningar innanhúss eru í flokki 1. Aðrar klæðningar í húsinu skulu ekki vera lakari en í flokki 2. Björgunarop (merkt-BO) eru úr öllum svefnherbergjum og uppfylla stærðir byggingarreglugerðar, gr. 9.5.5. Koma skal fyrir reykskynjurum (merkt-R) og handslökkvitækjum (merkt-HS) skv. merkingum á uppdráttum. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð, viðkomandi ÍST-staða og reglugerð um brunavarnir. Flóttaleiðir frá efri hæð eru þrjár um hurðar beint út á svalir og þaksvallir. Ein frá svefnherbergi út á svalir og tvær tengdar stofu/borðstofu þar sem ein er um rennihurð út á svalir og hinu um hurð út á þaksvallir, auk þessa er möguleg flóttaleið um stiga niður á neðri hæð.



AFSTÖÐUMYND

1 : 500



DEILISKIPULAG



Öll mál og aðstæður athugist á staðnum áður en smíði hefst. Ekki skal mæla upp af teikningu. PPVerk skal tilkynnt um ósamræmi eða hugsanleg vafaatrið er upp kunna að koma.

Varmatapsútreikningur:

Heildarleiðnítap byggingar verður innan marka byggingarreglugerðar. Hámark U-gilda byggingarhluta verður í samræmi við kafla 13.3, gr.13.3.1 og töflu í gr.13.3.2 í byggingarreglugerð.

	Leyft hámark U-gildis (W/m ² K)		Reiknað U-gildi (W/m ² K)	
	T _i >= 18°C	T _i < 18°C	T _i >= 18°C	T _i < 18°C
Þak	0,20	0,19	0,20	0,19
Útveggur	0,40	0,32	0,40	0,32
Gluggar	2,00	2,00	2,00	2,00
Hurðir	3,00	3,00	3,00	3,00
Gólf á fyllingu	0,30	0,23	0,30	0,23
Gólf að útlöfti	0,20	0,17	0,20	0,17
Útveggir, vegið meðaltal	0,85	0,54	0,85	0,54

Heildar varmatap á fermetra húss: 1,88W/m²°C

20221060

A	Uppfært m.t.t. ath. byggingafr. 06.07.2021	PP	17.09.2021
Útg.	Breyting	Hönnuður	Dags.

PPVERK

Dýsgata 1 | 210 Garðabær | S:698-7173 | ppverk@ppverk.is | www.ppverk.is

Hönnuður: Páll Pólsen Kf.: 200367-4729

Hönnunarstjóri: Páll Pólsen Kf.: 200367-4729

Mosató 2 - Flóahreppi

Byggingarlýsing, Afstöðumynd og Deiliskipulag

Dags.:	29/06/21	Mkv.:	Skv. Teikn.
Teiknað / Hannað:	PP/PP	Stærð:	A2
Verknr.:	21-002	Nr. teikningar:	101
		Útgáfa:	A